

Ed.

297. Nefndarátt

um frv. til laga um eftirlit með verksmiðjum og vjelum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem að mestu mega teljast orðabreytingar, og verður gerð grein fyrir þeim í framsögu.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Eftirlitsskyld eru samkvæmt lögum þessum verksmiðjur, verkstæði og vinnustöðvar, þar sem þrír menn hið fæsta vinna saman að jafnaði, svo og eimkatlar og vjelar, hvorttveggja með þeim undantekningum, sem greinir í lögnum.

2. Við 2. gr. Fyrir »íðju« í 1. málslíð komi: vinnu.
3. Við 3. gr. Fyrir orðin »fellur að öllu eða nokkru leyti undir lög þessia í 1. málslíð komi: er eftirlitsskylt samkvæmt lögum þessum.
4. Við sömu gr. Fyrir orðin í niðurlagi greinarinnar »falla undir lögina eða verða undanþegið þeim« komi: háð eftirlitsskyldu eða vera undanþegið henni.
5. Við 6. gr. Síðari málslíður annarar málsgreinar orðist svo:
Loftrásir skulu vera í öllum vinnustofum, nægilegar til þess að halda þar góðu andrúmslofti, vjelknúðar ef nauðsyn krefur.
6. Við 10. gr. Orðið »sem« í 2. málslíð falli burt.
7. Við 11. gr. Fyrir orðið »ganglimi« í 2. málsgr. komi: hreyfhluta vjela.
8. Við sömu gr. Fyrir orðin í 4. málsgr. »lögum nr. 7, 15. júní 1926« komi: gildandi lögum.
9. Við 12. gr. Fyrir »ræstar« í 1. málsgr. komi: settar í hreyfingu.
10. Við 13. gr. Aftan við greinina bætist: Eimkatlar með lágþrýsting, sem notaðir eru eingöngu til hitunar íbúðarhúsa, eru undanþegnir eftirliti samkvæmt þessum lögum.
11. Við 15. gr. Aftan við orðið »gæslu« í 1. málsgrein komi: eftirlitsskyldra.
12. Við 17. gr. Fyrir orðin »vjel sbr. 10. gr.« í 1. málsgr. komi: eftirlitsskylda vjel.
13. Við 24. gr. Fyrir »svo getur skoðunarmaður« komi: svo getur skoðunarmaður og.
14. Við 28. gr. Fyrir »1. okt.« komi: 1. júlí.

Alþingi, 24. febrúar 1928.

Jón Baldvinsson,
form.

Ingvar Pálmason,
fundaskrifari.

Jón Þorláksson,
frsm.